

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 25. júní 1997 • 25. tbl. • 14. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk

Kaupfélag Dýrfirðinga á Þingeyri

Kannar möguleika á nauðasamningum við kröfuhafa

Aðalfundur Kaupfélags Dýrfirðinga var haldinn 14. júní s.l. Þar kom fram að rekstur félagsins á síðasta ári var erfiður og þá sérstaklega vegna erfiðleika dótturfélaga KD, Fáfnis hf. og Barða hf., sem bæði hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta.

355 þúsund króna tap varð af reglulegri starfsemi Kaupfélagsins á síðasta ári en árið á undan nam hagnaður um 1,4 milljónum króna. Rekstrartekjur námu 98 milljónum króna og rekstrargjöld voru tæpar 95 milljónir. Eigið fé félagsins var 7,2 milljónir um áramótin og eignir samtals voru metnar á

122 milljónir króna. Heildarskuldir námu tæpum 115 milljónum króna og vegur þar þyngst skuld KD við Olúfélagið hf. sem nam í árslok um 44 milljónum króna. Félagið átti um áramótin töluvert af útistandandi kröfum og nam skuld Fáfnis við kaupfélagið t.d. tæpum 27 milljónum króna og mun það fé að öllum líkindum tapast að sögn Bergs Torfasonar, sem nú gegnir tímabundið starfi kaupfélagsstjóra.

Hjá Kaupfélaginu er nú unnið að könnun möguleika á nauðasamningum við kröfuhafa en félagið hefur sam-



kvæmt heimildum blaðsins, vil yrði fyrir niðurfellingu 23 milljóna króna skulda þess við Byggingastofnun gegn því að nauðasamningar ná fram að ganga. Afstaða Olúfélagsins hf. til nauðasamninga mun

skipta höfuðmáli hvað varðar möguleika Kaupfélags Dýrfirðinga til áframhaldandi rekstrars.

Um 30 manns eru nú á launaskrá hjá KD, en þar af eru um 15 starfsmenn fastráðnir.

Sparisjóður Öfundarfjarðar

Hagnaður á síðasta ári nam 18 milljónum króna

Aðalfundur Sparisjóðs Öfundarfjarðar var haldinn 30. maí s.l. Þar kom fram að afkoma sjóðsins var mjög góð á síðasta ári og nam hagnaður af rekstri 18,2 milljónum króna, eftir framlag í afskrifta-sjóð útlána. Eigið fé sparisjóðsins var 120 milljónir króna um síðustu áramót og hafði það hækkað um 18 milljónir króna eða um 18,3% milli ára. Eiginfjárlutfall reiknað samkvæmt lögum um sparisjóði er 32,8%, en það má ekki vera lægra en 8% samkvæmt lögnum. Eignir sjóðsins í árslok 1996 námu 511 milljónum króna og heildarskuldir voru 391 milljón króna.

Í skýrslu sparisjóðsstjóra,

Eiríks Finns Greipssonar, kom fram að árið 1996 var óvenjulegt ár fyrir Sparisjóð Öfundarfjarðar: „Snjóflóðið í lok október 1995 og allt sem því fylgdi hefur haft áhrifaríkar breytingar í för með sér á allt mannlíf á Flateyri. Mikil fólksfækkun varð í kjölfar slyssins og því má búast við að varanleg áhrif hafi ekki öll litið dagsins ljós.

Atvinnulíf á árinu 1996 var með blómlegra móti, en skugga ber þó þar á, þar sem voru sjóslýsin, þegar kúfiskveiðibáturinn Æsa ÍS-87 sökk á Arnarfirði og mann tók út af einu skipa Fiskvinnslunnar Kambs hf. Ljóst má hins vegar vera að öflugt atvinnulíf, stórra og lítilla fyrirtækja, er forsenda

þess að hér fjölgi á ný. Því eru bundnar vonir við að reynt hefur verið að styrkja enn frekar atvinnulífið með samningu stærsta fyrirtækisins á Flateyri, Fiskvinnslunnar Kambs hf., við Básafell hf. á Ísafirði. Þá er unnið ötullega að því að fá hingað nýtt kúfiskveiðiskip og hefja vinnu í Vestfirskum skelfiski hf. Minni atvinnu- og þjónustufyrirtæki hafa einnig sótt fram með athyglisverðum hætti. Hér hafa svo stórbrotnar breytingar átt sér stað á samfélaginu að það verður erfitt að sjá fyrir framtíðaráhrif þeirra,” sagði Eiríkur Finnur meðal annars.

Á aðalfundinum var ákveðið að greiða 12% arð af stofnfé.

Jafnframt var ákveðið að gefa gjafir til framfaramála í Öfundarfirði og var samþykkt að hefja 1. áfanga í merkingu bæja og húsa í Öfundarfirði, björgunarsveitarhúsið á Flateyri fékk 200 þúsund krónur, Holtsskóli 100 þúsund krónur og grunnskólinn á Flateyri fékk 100 þúsund krónur.

Á fundinum var kosin ný sjóðsstjórn. Af hálfu Ísafjarðarbæjar voru tilnefnd, Guðmundur Steinar Björgmundsson og Hildur Halldórsdóttir, en stofnfjáraðilar kusu Magnús Hring Guðmundsson, Bjarna Kristinsson og Hinrik Kristjánsson. Stofnfjáraðilar voru 37 um síðustu áramót og stofnfé 830 þúsund krónur.



Óshlíðarhlaup í sól og blíðu

Óshlíðarhlaupið fór fram í fimmta sinn á laugardaginn og lék veðrið við þátttakendur. Ef eitthvað var þá var veðrið of gott til langhlaupa. Á myndinni má sjá sigurvegarann í 10 km hlaupi karla, Jón Jóhannesson koma örpreyttan í mark. Sjá nánari umfjöllun og myndir á bls. 8 og 9.

Ísafjarðarbær

Magnea forseti bæjarstjórnar

Magnea Guðmundsdóttir hefur nú leyst Þorstein Jóhannesson af hólmi sem forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Jafnframt hafa átt sér stað breytingar á bæjarráði og er Þorsteinn Jóhann-

esson nú formaður þess, en aðrir í bæjarráði eru: Magnea Guðmundsdóttir, Sigurður R. Ólafsson, Guðrún Á. Stefánsdóttir og Kristinn Hermannsson.

Blaðsíða 4

Kíkt í heimsókn til æðarbóndans í Bolungarvík



Blaðsíða 6

Látum heitann andans blæ bræða ísinn



Blaðsíða 12

Ákvörðun um uppkaup húsa í Bolungarvík frestað



Rannsakar lög-
reglan hvarf
skipverjans
á Bremen?



Önnundur Jónsson,
yfirlögregluþjónn á
Ísafirði:

„Já, mannhvörf eru alltaf rannsökuð. Við fengum tilkynningu um að mannsins væri saknað, en þar sem Bremen var á leiðinni til Akureyrar þá var lögreglunni þar falið að taka skýrslur af yfirmönnum skipsins. Málið verður svo sent dómsmálaráðuneytinu til meðferðar sem væntanlega sendir gögnin til yfirvalda í Þýskalandi.“

Skipverji á þýska skemmtiferðaskipinu Bremen féll fyrir borð austan við horn seinni part dags þann 17. júní, en skipið hafði farið frá Ísafirði fyrr um daginn áleiðis til Akureyrar. Skipinu var snúið við þegar mannhvarfsins varð vart og var leitað að skipverjanum fram á kvöld, án árangurs. Á laugardaginn fóru björgunarsveitarmenn á Gunnari Friðriksyni norður á Hornstrandir og sigldu með fjórum í leit að líki skipverjans, en einnig án árangurs.

Bolungarvík

Gná hf. tvöfaldar afköstin

Miklar framkvæmdir hafa staðið yfir að undanfögnu í loðnuverksmiðjunni Gná hf. í Bolungarvík, en þær miða að því að afköst verksmiðjunnar tvöfaldist og að hægt verði að framleiða mjöl í hæsta gæðaflokki. Eigendur Gnár eru bræðurnir Einar og Elías Jónatanssynir og sagði Elías í samtali við blaðið, að í raun væri verið að bæta alveg nýrri vinnslulínu við hlið þeirrar sem fyrir er. Settur verður upp nýr sjóðari, pressa, þurrkari og gufuketill auk soðlýsisskilvindu. Jafnframt verður eldri búnaður endurnýjaður að verulegu leyti, t.d. rafmagn og gólf í vinnslusólum.

Endurnýjun verksmiðjunnar hófst í rauninni árið 1994 þegar upprunalegum eldþurrkara frá árinu 1964 var skipt út fyrir tvo notaða gufþurrkara. Seinni eldþurrkaranum verður nú skipt út fyrir nýjan fullkominn gufþurrkara sem vinnur undir lofttæmi, en að sögn Elíasar er uppgufunargeta þess nýja jafnmikil og beggja gufþurrkaranna til samans. Nýi þurrkarinn gefur möguleika á framleiðslu lághitamjols sem er hágæðamjöl, en

framleiðsla þess er bundin við ferskleika þess hráefnis sem berst að. Þeir Gnárbræður eru bjartsýnir á að hráefni verði nægt og segja að á sumarvertíðum hafi oft verið hægt að fá meiri loðnu en hægt hefur verið að taka á móti. Þeir segja einnig að með tilliti til staðsetningar verksmiðjunnar sé full ástæða til bjartsýni vegna hráefnisöflunar yfir vetrartímamann og þá sérstaklega seinni part vertíðar. Þeir upplýsa að fyrirtæki með loðnukvóta muni á næstunni gerast hluthafi í Gná hf. og það muni renna enn styrkari stöðum undir reksturinn. Þeir vilja ekki upplýsa hvaða fyrirtæki hér um ræðir og segja það koma í ljós innan tíðar. Aðspurðir segja þeir að eftir breytingarnar muni verksmiðjan verða búin áþekktum tækjabúnaði og gerist í fullkomnustu verksmiðjum landsins og því ástæða til að ætla að hún skipi sér á bekk með þeim í nánustu framtíð. Að jafnaði starfa um 15 manns á vöktum í Gná og er ekki gert ráð fyrir auknum mannafla vegna breytinganna, að sögn Elíasar. Á síðasta ári bárust 30 þúsund tonn af loðnu í verksmiðjuna



Nýi þurrkarinn vegur 80 tonn og þurfti m.a. að flytja tvo 50 tonna kranabíla til Bolungarvíkur til að skipa ferlíkinu á land og koma því fyrir í Gná.

en aðspurður um hráefnisþörf eftir breytinguna segir Elías ekki óeðlilegt að neðri mörkin yrðu 30 þúsund tonn á ári og að 45-50 þúsund tonn yrðu meðaltal hvað þetta varðar. Áætluð afköst við vinnslu á venjulegu mjöli eru 750 tonn hráefnis á sólarhring og 600 tonn við vinnslu á hágæðamjöli. Elías segir afurðaverð hafa verið gott að undanfögnu, bæði á mjöli og lýsi og að ekkert bendi til að það breytist mikið á næstunni.

Elías segir að framkvæmdir hafi staðið yfir frá miðjum apríl og stefnt sé að verksmiðjan verði tilbúin til keyrslu á hálfum afköstum í byrjun komandi loðnuvertíðar. Hann á von á að framkvæmdum verði endanlega lokið um miðjan ágúst. Þetta stóra verkefni hefur verið mikil lyftistöng fyrir atvinnulífið í Bolungarvík og hafa um 50-60 manns unnið við verkið. Þar af eru um 25 járníðnaðarmenn, 8-10 rafvirkjar og u.þ.b. 10 smiðir, múrarar og málarar. Starfsmenn Gnár hafa að sjálfsögðu unnið að verkinu, en þeir eru u.þ.b. 15 talsins.

Að sögn Elíasar var áætlaður kostnaður vegna vélbúnaðar og tækja um 250 milljónir króna með uppsetningu en hann reiknar með að heildarkostnaður verði meiri vegna bygginga sem ráðast þurfti í, en byggja þurfti ketilhús og spennistöð við verksmiðjuna sem ekki var fyrir séð í upphafi.

Elías er iðnaðarverkfræðingur og annaðist alla frum-

hönnun vegna breytinganna og gerði skipulagsteikningar. Vélsmiðjan Héðinn hf. er yfirvertaki verksins og sér jafnframt um hönnun og smíðateikningar vegna vélbúnaðar. Raftækni- stofan hf. hefur með höndum hönnun rafmagns og stjórnbúnaðar og hefur jafnframt umsjón með framkvæmdum við þann þátt. Bolvísk fyrirtæki hafa einnig komið að verkinu, þar á meðal Vélsmiðjan Bolungarvík hf. við uppsetningu vélbúnaðar, Vélsmiðjan Mjöltnir hf. við uppsetningu gufukerfisins og Rafverk hf. sem hefur séð um framkvæmdir vegna endurnýjunar raf-

magns. Mannvirki eru teiknuð af Elísabetu Gunnarsdóttur arkitekt, en Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen sér um hönnun burðarvirkja.

Í síðustu viku kom þurrkarinn nýi til Bolungarvíkur með skipi Eimskipafélagsins Skógarfossi, en hann er stærsta stykki í íslenska fiskimjolsverksmiðju sem flutt hefur verið í einu lagi til landsins. Þurrkarinn, sem smíðaður var í Danmörku, vegur 80 tonn og þurfti Skógafoss að koma með tvo 50 tonna kranabíla, dráttarbil og tengivagn til að hægt væri að skipa honum á land.



Einnig þurfti að flytja þennan stóra tengivagn til verksins.



Elías og Einar Jónatanssynir við nýja þurrkarann.

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1994

Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólgötu 9,
400 Ísafjörður
☎ 456 4560
☐ 456 4564

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson

Blaðamaður:

Magnús Hávarðarson

Netfang:

hprent@snerpa.is

Stafræn útgáfa:

http://www.snerpa.is/bb

Pennaletti

Viðtal BB við Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar í síðasta mánuði, vakti misjöfn viðbrögð lesenda. Í sama tölublaði var greint frá því, samkvæmt könnun Dags-Tímans, að bæjarstjórnin okkar væri hæst launaði bæjarstjóri landsins. Minna mátti það ekki vera í hinum nýja höfuðstað Vestfjarða, sem nær allt vestur til Þingeyrar.

Í leiðaraskrifum BB hefur lítið farið fyrir gagnrýni á launakjörum embættismanna og þingmanna, svo ákveðin stétt sé nefnd til sögu. Þvert á móti hefur því verið haldið á lofti að þingmenn bæri að launa vel svo síður væri hætt á, að þeir yrðu háðir utanaðkomandi hagsmunaaðilum og lytu hugsanlega valdboði þeirra. Hið sama gildir um ýmsa embættismenn. Það verður þó að segjast eins og er, það eru takmörk fyrir öllu. Auðvitað er það arfavittlaust, eins og þingmaður nokkur orðar það til áherslu, að mánaðarlaun embættismanna og forstjóra fyrirtækja (sem sum hver eru sögð pola illa miklar launahækkningar til litlu gunnu og litla jóns) skuli vera hin sömu og hálf og jafnvel heils árs afrakstur venjulegs fólks fyrir dagvinnu. Svona er það nú samt sem áður.


Ekki var ætlunin að gera launakjör bæjarstjóra að megin efni þessara skrifa, heldur þá afstöðu hans (og bæjaryfirvalda?) sem speglast í því, þegar þessi æðsti embættismaður bæjarins, segist

ekki hafa geð í sér til að svara gagnrýni vegna þess að honum sjálfum finnst hún lákúrulegt blaður. Það er nú svo! Ummæli bæjarstjórans um dálkahöfund BB bera ekki vott um lífilíæfi orðasmíðsins né umburðalyndi manns, sem tekið hefur að sér hlutverk þjóns í almanna þágu. Ef það er ekki ljóst, skal upplýst, að löng hefð er fyrir dálkaskrifum, þar sem höfundar hafa kosið að koma fram undir ákveðnu heiti. Í pistlum þessum er gjarnan tekið á málum, sem heitast brenna hverju sinni og að þeim skrifum hafa komið mætir menn og stýngnir pennar. Þessa pistlahöfunda vændu menn ekki um að vera lífilímanni, sem ekkert hefði þarfara með tímann að gera, fyrir það eitt að vera ósammála greinarhöfundi efnislega. Hvað bæjarstjóri á við með „háþólitískum skrifum (Stakks) undir nafnleynd“ verður hann að eiga við sjálfan sig og sína nánustu.

Það er rétt að tregt hefur verið um svör frá bæjaryfirvöldum við bréfum og fyrirspurnum, sem birst hafa hér í blaðinu undir nafni. Skrifletti bæjaryfirvalda (með einni landsfrægri, handskrifaðri, undantekningu) á því miður ekki við rök að styðjast.

En meðal annarra orða: Hvenær ætla bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ að fræða lesendur BB á því, hvers vegna þau sniðgengu ráðstefnuna á Akureyri í apríl sl., um þróun byggðar á Íslandi?

s.h.



Fjörugir flugdagar Íslandsflugs

Ísafjarðarflugvelli

sunnudaginn 29. júní kl. 16 - 18



- Hefst með lágflugi ATR og Dornier
- Sýningarflug á Dornier flugvél Íslandsflugs
- Listflug
- Fallhlífstökk úr Dornier
- Grillaðar pylsur í boði SS og Coke frá Víðifelli
- Slakjó fyrir börnin
- Happdrætti - glæsilegir ferðavinningar í boði
- Flugskólinn Flugtak kynnir starfssemi sína

Komdu og sjóðu Dornier og ATR flugvélar Íslandsflugs og kynntu þér starfsemi félagsins á Ísafjarðarflugvelli
sunnudaginn 29. júní kl. 16 - 18.



ÍSLANDSFLUG

-gerir Íslendum lært að fljúga

Æðarbondinn í Bolungarvík




Hreinn Eggertsson hefur síðan árið 1991 unnið að því að koma upp æðarvarpi á sandinum við Bolungarvík. BB heilsaði upp á hann eitt kvöld fyrir skömmu og fylgdist með honum við starf sitt.

Hreinn fékk land til afnota undir varpið hjá Bolungarvíkurbæ. Hann segir að Konráð bróðir sinn hafi lagt að honum að byrja á sínum tíma, en Konráð hefur um nokkuð langt skeið stundað æðarrækt í Þernuvík í Ísafjarðardjúpi ásamt Guðmundi Jakobsyni, með það í huga að koma þar upp varpi. Hreinn fann 29 hreiður vorið 1991 þegar hann byrjaði að sinna svæðinu og síðan hefur varpið verið að smá vaxa. Að meðaltali hefur hreiðrum fjölgað um 20 á ári og í vor voru þau orðin 148. Hann segist nokkuð sáttur við árangurinn fram að þessu og ætlar að það taki mannsaldur að koma upp góðu æðarvarpi. Til að laða fuglinn að hefur Hreinn komið upp flöggu og útbúið hreiðurstæði með bildekkjum og hálfum fiskikössum. Það sem hefur þó reynst honum best eru skjólhorn, þ.e.a.s. tveir 25 cm trébútar úr 6 tommu borðum sem negldir eru saman í vinkil. Af fyrstu 30 hreiðrunum í ár voru 25 í svona skjólhornum. Að sögn Hreins eru sumar kollumar þó þannig skapi

farnar að þær vilji ekkert af því sem hann hefur komið upp og geri sér hreiður á ólíklegustu stöðum. Aðspurður segir Hreinn að það sem geri landið kjörið fyrir æðarvarp, séu tjarnirnar sem myndast á vorin þegar snjóa leysir. Þær séu frumförsendan því þær fremur öðru laði æðarfluglinn að. Tjarnirnar notar fuglinn til sundkennslu fyrir ungana áður en haldið er til sjávar.

18 grömm af dún fást úr hverju hreiðri

Varpið hefst á tímabilinu 15. til 20. maí ár hvert og á meðan á því stendur er mikið að gera hjá Hreini við að staðsetja hreiður, vakta svæðið og halda vargi og óviðkomandi umferð frá því. Í vor hófst varpið óvenju snemma eða 9. maí, en síðan kom kuldakast og hætti fuglinn



Hreinn ásamt sonarsyni sínum og nafna Hreini Birkissyni við afrakstur æðarvarpsins að þessu sinni.

PIZZA 67 **Pantanasíminn er 456 3367** **PIZZA 67**

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • ☐ 456 4547

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

Brautarholt 12: 161,2m² einbýlishús á einni hæð ásamt 56m² bílskúr. Góð greiðslukjör. Laust 1. ágúst. Tilboð óskast. Verð: 9.500.000,-

Dalbraut 13: 120,7m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-

Hafraholt 14: 144,4m² raðhús á tveimur hæðum, ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-

Heiðarbraut 6: 133,3m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 10.700.000,-

Hlíðarvegur 26a: 120m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Verð: 6.700.000,-

Hlíðarvegur 38: 183,2m² raðhús á þremur hæðum. Verð: 9.500.000,-

Hlíðarvegur 43: 186m² raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr. Verð: 10.200.000,-

Hlíðarvegur 48: 146,4m² einbýlishús á þremur pöllum, mjög falllegt útsýni. Verð: 7.000.000,-

Miðtún 31: 190m² endaraðhús í norðurenda átveimurhæðum. Tilboð óskast.

Mjallargata 8: 117,8m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Laust mjög fljótlega. Verð: 7.400.000,-

Silfurgata 9: 150m² einbýlishús, 4ra herbergja á tveimur hæðum, ásamt



Stórholt 13: 103m² 4ra herbergja íbúð í fjölbýlishúsi ásamt innbyggðum bílskúr. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 7.900.000,-

garði, kjallara og geymsluskúr. Verð: 6.800.000,-

Skipagata 11: 78 m² einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið er laust strax. Tilboð óskast.

Stakkanes 4: 144 m² raðhús á 2 hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Skipti möguleg á Eyrinni. Verð: 9.900.000,-

Stakknes 6: 144 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Skipti minni eign möguleg. Verð: 10.900.000,-

Tangagata 6a: 99,7m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt litlum kjallara. Verð: 6.800.000,-

Urðarvegur 58: 209m² raðhús á þremur pöllum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 12.500.000,-

4-6 herbergja íbúðir

Engjavegur 21: 132,2m² 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 8.500.000,-

Engjavegur 31: 92,1m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Mikið uppgerð. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 5.900.000,-

Fjarðarstræti 4: 120m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi. Verð kr. 6.500.000,-

Fjarðarstræti 38: 130m² 5 herbergja íbúð á 2 hæðum í þrívílishúsi. Hagstæð lán fylgja. Verð: 7.000.000,-

Pólgata 4: 136 m² 5 herbergja íbúð á 2 hæð í þrívílishúsi ásamt litlum bílskúr. Verð: 5.500.000,-

Seljalandsvegur 20: 161,2m² 5-6 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt stórum bílskúr. Mjög falllegt útsýni. Verð: 10.700.000,-

Seljalandsvegur 20: 125,2m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 7.900.000,-

Sólgata 5: 102m² 6 herbergja íbúð á tveimur hæðum í norðurenda í tvíbýlishúsi. Verð: 5.000.000,-

Stórholt 7: 116m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð. t.h. í fjölbýlishúsi. Verð 7.400.000,-

Stórholt 11: 103m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi ásamt bílageymslu. Íbúðin er laus fljótlega. Verð: 7.800.000,-

Túngata 12: 98,9m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í þrívílishúsi. Mikið uppgerð. Verð: 6.700.000,-

Túngata 21: 77,5m² 4ra herbergja risibúð í þrívílishúsi. Verð: 5.600.000,-

Urðarvegur 25 - Hraunprýði: 155m² 5-6 herbergja íbúð á 2 hæðum að hluta í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr. Skipti

á ódýrari eign möguleg. Tilboð óskast.

Urðarvegur 45: 131,2m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 7.500.000,-

3ja herbergja íbúðir

Fjarðarstræti 13: 80m² íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi, tvö aukaherbergja í risi og kjallara. Verð 5.700.000,-

Hjallavegur 12: 113,9m² 3ja - 4ra herbergja íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi. Verð: 5.500.000,-

Hlíðarvegur 27: 76m² íbúð á efri hæð tvíbýlishúsi ásamt 35m² bílskúr. Mögulegt að taka bíl uppí. Laus 15. júlí. Verð: 5.400.000,-

Pólgata 6: 55m² risibúð á 3. hæð, suðurenda í fjölbýlishúsi. Mikið endurnýjuð. Verð: 3.900.000,-

Seljalandsvegur 67: 107m² íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 6.000.000,-

Silfurgata 11: 56,2m² þriggja herbergja íbúða á 3. hæð í fjölbýlishúsi. Öll nýlega uppgerð. Tilboð óskast.

Stórholt 7: 74,6 m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.100.000,-

Stórholt 7: 74,6 m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 4.900.000,-

Stórholt 9: 74,6m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-

2ja herbergja íbúðir

Hlíf II: 50,4m² íbúð á 2. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 6.100.000,-

Hlíf II: 50,4 m² íbúð á 4. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 5.900.000,-

Sundstræti 24: 69m² íbúð á jarðhæð í þrívílishúsi. Sér hiti, rafmagn og inngangur. Mikið uppgerð. Verð: 4.900.000,-

Mosfellsbær

Reykjabyggð: 89: 214m² ein-býlishús á einni hæð ásamt 40m² bílskúr. Skipti möguleg á einbýli á Ísafirði. Verð: 13.500.000,-



Tangagata 20: 70m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 3.500.000,-

varpinu á meðan það gekk yfir en hélt síðan áfram þar sem frá var horfið. Fuglinn liggur á í um 3-4 vikur en að meðaltali verpir hver fugl fjórum eggjum að sögn Hreins. Þegar um tvær vikur eru liðnar frá varpi, fer Hreinn um varplandið og safnar saman hinum dýrmæta æðardún úr hreiðrunum. Í staðinn setur hann þurr hey en fuglinn lætur sér það vel líka, segir Hreinn. Þegar kollurnar yfirgefa hreiðrin með unga sína, er farin önnur yfirferð um svæðið til að taka það sem eftir er af dún. Um það bil 18 grömm af dún fást úr hverju hreiðri en verð hans er mjög gott um þessar mundir að sögn Hreins. Hann þurrkar og grófhreinsar dúninn sjálfur en fullnaðarhreinsun fer fram að Læk í Dýrafirði,

þar sem æðarvarp er mikið.

Krían hjálpar til við gæslu

Sumar æðarkollurnar eru greinilega farnar þekkingu Hreins og leyfa honum að færa sig úr stað á meðan hann fjarlægir dúninn úr hreiðrunum. Hann segir að að skapgerð kollanna sé misjöfn eins og mannfólksins og að sumar séu mjög skapstyggar. Þær hreinlega tryllist og leggi til atlögu þegar hann vogar sér of nærri. Mikið fuglalíf er á svæðinu og krían er árásgjörð gagnvart óboðnum gestum, ref, mink, vargfugli og mannfólki. Hreinn fagnar auknu kriuvarki samhliða æðarvarpinu en hún hjálpar honum við gæslu svæðisins og lætur hann



Þessi æðarkolla var á varðbergi en fór þó ekki langt frá hreiðrinu. Hreinn þarf stundum að færa til kollur til að geta tekið dúninn, svo spakar eru þær.

vita með háttalagi sínu ef hætta er á ferðinni. Árangur af starfi Hreins

er farinn að skila sér og telja sérfræðingar að fjölgun hreiðra sé eins og

hún gerist best. Mesta fjölgunin milli ára varð núna og bættust 45 hreiður við frá fyrra ári. Hreinn segist mjög ánægður með fjölgunina, en samkvæmt langtímaáætlun hans ættu hreiðrin að verða orðin 800-1000 eftir 8-10 ár. Þegar þeim áfanga verður náð skapast grundvöllur fyrir Hreinn að stunda búskapinn sem aðalstarf þann tíma sem varpið stendur yfir, en í dag vinnur hann í áhaldahúsi Bolungarvíkurkaupstaðar. Hann ætlar að halda áfram ótrauður að vinna að uppbyggingu æðarvarpsins, sem hann segir gefa sér mikið. Hann fái góða hreyfingu við að ganga um svæðið og njóti þess að vera í tengslum við náttúruna og það sem hún hefur upp á að bjóða.



Suðurgötu 9, Ísafirði
Sími 456 3800



Lada Samara
Árgerð 1994 • Ekinn 27.000 km • 5 dyra Útvarp og kassettutæki
Verð: 400.000,-



Toyota Touring GLi
Árgerð 1991 • Ekinn 115.000 km • Sídrif 4 sumardekk • 4 vetrardekk • Rafmagnsrúður • Rafmagnsspeglar Samlæsingar • Vökva-stýri • Álfelgur
Verð: 980.000,-



Subaru DL STW
Árgerð 1990
Ekinn 124.000 km
Fjór hjóladrif
Verð: 660.000,-



Mazda 626 GLX LB
Árgerð 1987
Ekinn 100.000 km
4 sumardekk • 4 vetrardekk • Sjálfskiptur
Verð: 395.000,-



MMC Galant GLS
Árgerð 1987
Ekinn 135.000 km
4 sumardekk • 4 vetrardekk • Geislaspilari
Verð: 385.000,-



Dodge Aries LE
Árgerð 1987
Ekinn 125.000 km
Sjálfskiptur • Útvarp Kassetutæki
Verð: 150.000,-

Ísafjörður

Jónsmessu- mót Oddfellow

Um helgina fór Jónsmessumót Oddfellow fram á Ísafirði. Það eru stúkur kvenna og karla frá Akranesi, Akureyri og Ísafirði sem standa að mótinu og er það haldið annað hvert ár til skiptist á þessum stöðum og hefur svo verið í 26 ár. Mótið hófst á föstudagskvöldið með 230 manna kvöldverði og dansleik í íþróttahúsinu á Torfnesi. Á laugardaginn voru húsin í Neðstakaupstað skoðuð

og smakkað var á hákarli og harðfiski, en að því loknu var haldið í skoðunarferð í Vigur með Fagranesinu og staldrað við í Súðavík á leiðinni til baka. Eftir hádegið var farið í heimsókn til Flateyrar og um kvöldið var efnt til kvöldverðar, skemmtunar og dansleiks að Núpi í Dýrafirði. Mótinu var svo slitið með sameiginlegum hádegisverði á sunnudaginn í Framhaldsskóla Vestfjarða.



Oddfellowfélagar gerðu ýmislegt sér til skemmtunar á Jónsmessumótinu um helgina og heimsóttu m.a. Neðstakaupstað.



Ísafjörður

Gönguátak Göngu - Hrólfa

Göngu-Hrólfar hafa komið fyrir gestabók upp í Naustahvilt og hvetja fólk til að fara þangað upp og rita nafn sitt í hana. Dregið verður úr nöfnum þátttakenda og verðlaun veitt. Margir Ísafirðingar hafa

aldrei komið upp í Naustahvilt og þess vegna er nú tilvalið að fara í smá fjallgöngu með alla fjölskylduna, en útsýnið úr hviltfinni er mjög fallegt og þaðan sést vel yfir alla Eyrina.



Sýslumaðurinn á Ísafirði

Laust starf

Laust er starf frá 1. ágúst 1997 við síma-vörzlu og tölvuvinnslu við embættið. Laun eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna og félagsmálaráðherra. Umsóknir berist fyrir 9. júlí 1997.

Upplýsingar um starfið veitir skrifstofustjóri, Óli M. Lúðvíksson, í síma 456 3733 á skrifstofutíma.

Ísafirði, 24. júní 1997.

Sýslumaðurinn á Ísafirði,
Ólafur Helgi Kjartansson.

Ferðapjónustan Reykjanesi

Tilboð helgarinnar 27. - 29. júní 1997

Pakki 1

Gisting í 2 nætur í uppþúnum rúmum, morgunverður laugardag og sunnudag og kvöldverður föstudag og laugardag.

Verð kr. 8.220,- á mann.

Pakki 2

Gisting í tvær nætur í svefn-pokapláss, morgunverður laugardag og sunnudag og kvöldverður föstudag og laugardag.

Verð kr. 7.020,- á mann.

Föstudagur:

Kvöldverður: Rjómalöguð blómkaalssúpa með heimabökuðum bollum, djúpsteiktur steinbítur með gráðostasósu og grænmeti. Eftirréttur: Kaffi og ostaterta.

Laugardagur:

Kvöldverður: Rækjukokteill með karrýsósú, lambasteik með bernaise-sósu og bakaðri kartöflu. Eftirréttur: Sherry-búðingur.

Á barnamatseðli eru pylsur, hamborgarar, pizzur, samlokur o.fl. Tjaldstæði, náttúruleg sunndaða.

Vinsamlegast pantið tímanlega í síma 456 4844.

Verið velkomin.



Góðan dag og gleðilega þjóðhátíð, góðir Ísfirðingar og gestir.

Erum við hér samankomin í dag til að fagna lýðveldistökunni 1944, eða erum við hér til að harma það að þjóðin ákvað að við skyldum sjálf bera á okkur alla ábyrgð, gagnvart okkur sjálfum nágrönnum okkar og erlendum þjóðum? Eða erum við kannski bara saman komin til að skemmta okkur, gefa börnunum gott og ís og gleyma öllu baslinu og vondu mönnum sem eru að taka frá okkur lífsbjörgina og skilja okkur eftir á köldum klaka? Því svari hver fyrir sig. En höfum við almennt velt því fyrir okkur hvað felst í lýðræðinu? Getur verið að í okkur leynist enn plebejahugsunarháttur rómverskrar alþýðu, sem fagnaði veislum og leikjum keisarans og annarra stórmenna, sem áttu allt og skömmtuðu allt? Getur verið að okkur skorti skilning á því að við eigum engann keisara og engin stórmenni til að gefa leika? Við höfum sjálf tekið til við að ráða okkur og ákveða hvenær við viljum vinna og hvenær halda leika. Það virðist alla veganna vera mikið dos á mönnum hér vestra núna og æðsti draumurinn að losna við húsið og komast suður, þar sem smjör á að drjúpa af hverju stráí líkt og í Vínlandi forðum.

Ísafjörður var næst stærsti kaupstaður landsins

Þær breytingar sem orðið hafa á íslensku samfélagi síðan kvótakerfið var tekið upp og samdráttur hófst í bolfiskveiðum eru byltingu líkastar. Vestfirðingar höfnuðu kerfinu eins og það var ákveðið og treystu á að Alþingismennirnir okkar redduðu málunum, líkt og þeir höfðu jafnan gert þegar vantaði peninga til að kaupa skip, byggja fiskverkhúsið eða fella gengið. En það voru bara nýir tímar og nýjar áherslur. Sérhagsmunirnir voru að víkja fyrir almannahagsmunum. En svo virðist sem okkur Vestfirðingum hafi ekki tekist að fóta okkur og sitjum nú eftir með sárt ennið í hugdeyfð og víli.

Um síðustu aldamót sat Hannes Hafstein sýslumaður Ísfirðinga og síðar fyrsti ráðherra Íslands við gluggann í stofu sinni þar sem nú er veitingahúsið Á Eyrinni og samdi aldamótaljód. Áratugin á undan hafði verið harðari á Íslandi og fjöldi manna fluttist til Vesturheims. Þá fluttu fáir Ísfirðingar því hér var blómleg atvinna og mikil uppbygging. Ísafjörður var þá orðinn næst stærsti kaupstaður landsins á eftir Reykjavík og hér var helsti atvinnurekandinn talinn auðugasti maður landsins. Fjölskyldu-fyrirtæki hans var stofnað upp úr miðbiki aldarinnar og varð öflugt fyrir þá framsýni að keyptar voru skútur í stað gömlu árabátanna. Síðar keypti fyrirtækið og rak tvö gufuskip og var það stærra svo stórt, að það hefði nánastr getað tekið fyrsta Gullfoss Eimskipafélagsins, sem kom 20 árum síðar til landsins, í dæviður.

Hafstein trúði á mátt og megin frjálsborins

fólks og segir í upphafi aldamótaljóds síns:

Þú Drottinn sem veittir frægð og heill til forna, farsæld og manndáð, vek oss endurborna! Strjúk oss af augum nótt og harm þess horfna, hniginar aldar tárin láttu þorna.

Seinna segir hann:

Fjallkonan unga, yngst af Norðurlöndum, óminn fær heyrt af dáð frá systra ströndum. Bíður með þrá, sem ástmey örmum þöndum, eftir þeim svein, er leysi hana úr böndum.

.....og áfram:

Sé ég í anda knörr og vagna knúða krafti, sem vannst úr fossa þinna skrúða, stritandi vélar, starfsmenn glaða og þrúða, stjórnfrjálsa þjóð, með verslun eigin búða.

En þrátt fyrir framsýni þessa glæsilegasta sonar þjóðarinnar um síðustu aldamót, er ólíklegt að hann hafi getað ímyndað sér að innan 15 ára væri stóra fyrirtækið sem áður var getið, orðið gjaldþrota vegna þess að það fylgdist ekki með þróuninni. Ekki er ástæða til að rekja það hér hvað gerðist nema í fáum orðum.

Árið 1903 sendu Bolvíkingar sexróinn árabát inn á Ísafjörð þar sem sett var í hann mótörvél. Þetta litla horn, sem flestir hlógu að í fyrstu varð til að bylta svo útgerðarháttum á Íslandi, að innan örfárra ára voru skúturnar orðnar úreltar og útgerðarmenn þeirra ýmist búnir að skipta yfir í vélskip, eða búnir að gefast upp. Ef Árni Gíslason langafi Þorsteins Pálssonar sjávarútvegsráðherra, hefði viljað halda í gamla tímann og kaupa skútu í stað lítillar bátavélar í Stanley sinn, hefði hann orðið undir og nýtt þróunarskeið hafist síðar. Í svona hverflyndum heimi búum við enn. Nú er það kvótinn sem hefur mest áhrif í sjávarútveginum, en auk þess eykst mjög ört þróun nýrra atvinnugreina eins og sjá mátti á glæsilegri atvinnuvegasýningu sem nýlokið er í Íþróttahúsinu á Torfnesi. Nokkuð stílfærða sögu sem ég heyrði nýlega langar mig að segja ykkur. En bið ykkur að taka ekki sem algildan sannleik ef þið teljið ykkur kannast við dæmið:

Við erum lýðræðið

Eitt af okkar allra glæsilegustu sjávarútvegs-fyrirtækjum sem við höfum státað okkur af síðustu hálfu öldina var orðið fast í gömlu gildunum líkt og skútu-fyrirtækið forðum. Margra ára taprekstur var að reka það í þrot. Þá komu til einhverjir ævintýramenn, sem vildu kaupa fyrirtækið fyrir fleiri hundruð milljónir króna. Ákveðið var að selja og allir fengu nýja jeppa. Síðan þegar nýju eigendurnir fóru að róta í skúffunum fundu þeir gulnuð blöð, sem enginn hafði hreyft við árum saman. Þeir fóru með blöðin á fjármálamarkaðinn, eitthvað sem við Vestfirðingar vitum nú varla hvað er, og seldu þau þar gegn staðgreiðslu fyrir sömu upphæð og þeir höfðu gefið fyrir allt fyrirtækið. Nú eiga þeir kvóta, skip og hús, sem þeir fengu í raun gefins og það sem meira er, þeir hafa

Látum heitann andans blæ bræða ísinn

– Þjóðhátíðarræða Úlfars Ágústssonar, flutt á Ísafirði 17. júní 1997

breytt um stíl í rekstrinum og sjá nú fyrir arðbæran rekstur.

Álíka sögu má því miður segja af verkalýðs-hreyfingunni hér um slóðir. Eftir erfiðar samningaumleitanir, þar sem að vísu ekkert gekk og þörfin fyrir launahækkun var mikil, var ákveðið að fara út í verkfall sem leiddi til 7 vikna vinnustöðvunar með hörmulegum afleiðingum bæði fyrir fólkið og fyrirtækin. Auk þess sem tiltrú manna á byggð hér skertist umtalsvert. Getur verið að þarna hafi gamla hugsunin ríkt, að stjórnmalamennirnir kæmu og björguðu málunum eins og svo oft áður ef illa gengi? En það gerðist einfaldlega ekki vegna þess að þeir vita af biturri reynslu, að afskipti þeirra að vinnudeilum hafa oftast leitt til gengisfellinga og annarar óáran sem hafa skilið verkafólkið eftir í sömu sporum. Nú er svo komið að við verðum öll að bera ábyrgð á gerðum okkar. Við erum lýðræðið. Við eigum okkur sjálf og njótum góðs af því góða sem við gjörum og tökum afleiðingunum af mistökum okkar.

Viðhorfin þurfa að breytast

En var þá verkfallið til einskis? Nei, síður en svo. Verkfallið sýndi okkur að við eigum geysilega öflugan verkalýðshreyfingu. Allir landsmenn fylgdust með hvernig verkfallsverðir þeyttust um landið akandi og fljúgandi, til að tryggja hagsmunir sína. Málið er að fá þetta góða og dugmikla fólk til að vinna að eflingu atvinnu á svæðinu og tryggja fyrirtækjunum rekstrar-grundvöll og þeim sjálfum öruggari og betri vinnu. Það getur fólkið gert með því að nota það fjármagn og tíma sem það hefur yfir að ráða til að aka og fljúga um landið og segja sjómönnum að á Ísafirði séu öflug sjávarútvegs-fyrirtæki, sem vilja kaupa af þeim afla á markaðsverði og að hægt sé að lofa fljótri og góðri afgreiðslu skipanna, því við þau vinna aðeins úrvalsfólk. Það eru viðhorfin sem þurfa að breytast. Ef þau eru jákvæð ef við ætlum að byggja upp, þá byggjum við upp og því möguleikarnir eru nógir.

Við megum ekki liggja föst í neikvæðninni

Oft er talað um að fréttatvörun af svæðinu sé ávallt neikvæður og niðurdrepani. Fréttir af svæðum sem eru í hrörnun hljóta alltaf að vera frekar dökkar. Og þó að ég ætli ekki að fara að hafa áhrif á frjálsa fjölmiðlun, þá langar mig að nefna eitt dæmi, um neikvæða frétt, þegar sú jákvæða gat verið mikið merkilegri:

Eitt af þeim fyrirtækjum, sem nú er að stækka mikið við sameiningu og uppkaupt fyrirtækja, sagði á dögnum frá stefnumörkun til næstu framtíðar. Fyrirsögnin hjá einum fjölmiðlinum var: „40 mönnum sagt upp störfum.“ Að mínu mati var aðalfréttin sú að 40 mönnum var tryggð vinna hjá traustu fyrirtæki, sem byggjandi er á. Og sem að öllum líkindum, ef allir leggjast á eitt, mun auka umsvif sín og mannafla á komandi árum. Við megum ekki liggja föst í neikvæðninni. Hér eru gífurlegir möguleikar til uppbyggingar og framfara, ef fólk aðeins vill það sjálft.

Glöggd dæmi um nýja hugsun

Atvinnugreinasýningin um daginn sýndi okkur ýmislegt markvert. Þar var Framhaldsskóli Vestfjarða, sem fyrir fáum árum átti veru-

lega bágt vegna erfiðra aðstæðna og neikvæðrar umfjöllunar. Nú er skólinn á bullandi uppsigli-faglega og þarf fyrst og fremst á því að halda að við trúum á hann og styðjum það góða fólk sem þar er, til frekari uppbyggingar. Skóla-húsnæðið er nú að verða fullnýtt, svo ef heldur sem horfir þurfa að koma til frekari byggingar-framkvæmdir innan fárra ára.

Hér er starfandi einn virtasti og þekktasti tónlistarskóli landsins. Auk hans er nú tekinn til starfa annar tónlistarskóli, sem hluti af stórmekri menningaruppbyggingu í Edinborg-arhúsinu. Við eigum eitt merkasta tónskáld landsins af menntuðum tónskáldum hér í bænum. Hvernig væri að fólk sameinaði krafta sína og stofnaði til Tónlistarháskóla á Ísafirði, þar sem kenndur yrði hljóðfæraleikur og tónsmíðar.

Við eigum hér líka stórt sjúkrahús. Gætum við ekki sýnt frumkvæði í heilsugæslu - nógar eru nýjungarnar á sviði heilbrigðismála. Við verðum fyrst og fremst að staðfesta í hugum okkar og sinni þá ákvörðun foreldra okkar að stofna lýðveldi og bera sjálf þær birðar sem því fylgir.

Eitt glöggd dæmi um nýja hugsun má sjá hér allt í kringum okkur núna. Ungir menn sem ekki vildu fara í gömlu íþróttafélögin þar sem allt var í kaldakoli bæði fjárhagslega og íþróttalega, stofnuðu körfuboltafélag. Strax í upphafi var metnaður og framfarir í íþróttinni sett á oddinn svo og að íþróttamennirnir sjálfir bæru ábyrgð á öllum fjárhagsskuldbindingum félagsins. Í fyrri voru léku þeir sig upp í úrvals-deildina í körfuboltanum, svo framundan er keppnisár meðal þeirra bestu á landinu. Þeir hafa brotið upp á fjölda nýjunga við fjáröflun, þar á meðal að sjá um 17. júní hátíðarhöldin fyrir Ísafjarðarbæ. Þeir gerðu það í fyrri og gera aftur núna með miklum sóma og hafa vonandi af því verðskuldaðar tekjur. En nú er það okkar á komandi vetri að sýna að við þorum að máta okkur meðal þeirra bestu á Íslandi í íþróttum og styðjum og styrkjum strákana í erfiðri en mikilsverðri baráttu.

Tækifærin nóg - séu þau bara gripin

Fyrir tæpu ári fluttu 6 fjölskyldur hingað frá gömlu Júgóslavíu. Júgóslavía er gósenland vegna gróðurfars og náttúruauðlinda. En fólkíð var á flóttu frá þessu köfufula landi, ekki vegna þess að Guð hafi ekki gefið þeim nóg að býta og brenna, heldur vegna mannvönskunnar sem þar hefur ráðið ríkjum síðan þjóðin losnaði undan ánauð kommúnismans. Þessu fólkí líður vel á Ísafirði, þótt veðráttan sé óblíðari. Nú keppast þau við að festa sér húsnæði til frambúðar, full bjartsýni, því hér vilja þau vera af því að fólkíð er gott og lætur ekki gamlar kreddur trúarbragða eða kynþáttarembings ráða gerðum sínum.

Þótt ef til vill hafi borið mest á þessum nýbúum síðustu mánuðina, þá megum við ekki gleyma því að fjöldi fólks hvaðanæva að úr veröldinni er sest hér að. Æskan sem nú er að vaxa hér úr grasi kæmist ekki öll í Hitlersæskuna, en þau fylla hóp glæsilegs æskufólks sem við þökkum Guði fyrir að hafa gefið okkur og enginn vafi er á því að þessi blóðblöndun á eftir að skila bænum úrvals fólkí, sem er tilbúið að lifa hér þar sem fólkíð er gott og tækifærin nóg, séu þau bara gripin.

Það haustaði snemma þetta vorið

Við erum stundum að býsnast yfir veðrinu og einhver sagði við mig í fyrradag að það hefði

haustað snemma þetta vorið. Ég hef reyndar verið þeirrar skoðunar lengi, að það séu einmitt veðurfarið og landslagið sem gera það svo áhugavert að búa hér. Við fáum útrás fyrir orkuna í baráttunni við náttúruöflin og þurfum því ekki að berjast hvort við annað. Stórfengleikinn í landinu og orka vindsins og sjávarins eru kyngimögnuð. Hann færir fólk nær skapara sínum og kennir því að bera lotningu fyrir honum og gjöfum hans.

Ég er nú nýkominn úr sumarleyfi frá Miðjarðarhafsströnd Frakklands, þar sem sól og blíða var hvern einasta dag og jarðargróðinn var í miklum blóma. Ferðin var afar góð með skemmtilegum ferðafélögum. En ég var ekki búinn að vera þarna í marga daga, þegar ég var farinn að sakna þess að hafa ekkert veður. Snjókomun í fyrradag er mér því aðeins ögrun, gleðileg vísbending um að ég þarf að taka á hvern dag til að lifa í þessu fagra og margbreytilega umhverfi, sem aldrei sleppir alveg af manni hendinni.

Landsins forni fjandi

Góðir áheyrendur ég er sennilega orðinn allt of langorður, en mig langar þó að lokum að vitna aftur í Hannes sýslumann og bera saman viðhorf hans til náttúruafllana við hlið hins hefðbundna. Bæði hann og stórskáldið Matthías Jochumsson ortu um hafísinn, einn af hinum stóru orlagavöldum fólksins á Vestfjörðum.

Matthías segir í kvæði sínu um hafísinn: Ertu kominn landsins forni fjandi? Fyrstur varstu enn að sandi. Fyrr en sigling, sól og bjargarráð.

En Hannes Hafstein hafði aðra skoðun á máluðum, eftir að hafa kynnst hafísnum á Ísafjarðarárum sínum. Hann segir: Hvort hefur þú vin okkar hafísinn séð, er hann hraðar að landi för, og tungunni hvítri og tönnunum með hann treður í foldar vör? Er hann fyllir fjörð, ryðst um flúð og börð og fellir sig strönd að strönd, svo hver alda deyr og hver þagnar þeir, er þaut yfir grænkandi lönd.



Síðan lýsir skáldið för skips um ísinn, þar sem allt virðist tapað, þar til skipstjórinn eigir leið, en fórnar um leið lífi sínu svo að skipshöfn hans nái landi. En í lokaerindinu segir hann: **Öllum hafis verri er hjartans ís, er heltekur skyldunnar þor. Ef hann grípur þjóð, þá er glötunin vís, þá gagnar ei sól né vor. En sá heiti blær, sem til hjartans nær frá hetjanna fórnarstól bræðir andans ís þaðan aftur rís fyrir ókomna tíma sól.**

Látum ekki hjartans ís verða til að eyða þessum fallegu byggðum sem við búum í. Látum heitann andans blæ bræða ísinn svo hér megi rísa öflug byggð að nýju, þótt samdráttur vofi nú yfir. Sá sem öllu ræður gaf okkur þetta land og hafið umhverfis það. Þær gjafir eru of stórar til að við fórnum þeim vegna stundarhagsmuna eða atorkuleysis.

Lifið frjáls og lifið heil!



Gólfíð í nýju húsnæði Rammagerðar Ísafjarðar er lagt þakplötum úr steini sem einu sinni voru á þaki pósthússins á Ísafirði.

Rammagerðin opnar í friðuðu húsi

Býður uppá gott úrval Vestfirskra listmuna

Dagný Þrastardóttir og Halldór Antonsson ásamt Sigríði Þrastardóttur og Lárusi Valdimarssyni festu nú nýverið kaup á Aðalstræti 16 á Ísafirði, en húsið sem var byggt árið 1880 er á húsfriðunarskrá. Í bígerð er stofnun félags um endursmíði og rekstur hússins og eru framkvæmdir þegar hafnar.

Á laugardaginn opnaði Dagný verslun Rammagerðar

Ísafjarðar á jarðhæð hússins, en verslunin sérhæfir sig í listmunum af ýmsu tagi og er vestfirskt handverk áberandi. Dagný sagði í samtali við blaðið að stefnan væri að bjóða jafnan upp á gott úrval vestfirskra muna sem yrði þverskurður þeirrar miklu grósku sem er og verið hefur í framleiðslu minjagripa og skrautmuna á Vestfjörðum. Rammagerðin býður einnig upp á

innrömmun, glervinnslu, stimplagerð og fleira, auk þess sem Dagný framleiðir sjálf ýmsa listmuni. Rammagerðin er aðeins í hluta hússins og var Dagný spurð um fyrirætlanir varðandi aðra hluta þess. Hún kvæð ekki tímabært að greina frá því að svo komnu máli en sagði það skýrast fljótlega.

Styrkjum sjávarplássin

– jöfnun samkeppnisskilyrða

Á síðastliðnu vori lagði ég fram til kynningar þrjú lagafrumvörp um stjórn fiskveiða. Í þeim er leitast við að afmarka breytingar sem gera þarf að mínu mati til þess að styrkja stöðu sjávarplássanna um landið og bregðast auk þess við ýmsum afleiðingum núverandi löggjafar. Eitt þessara frumvarpa fjallaði eingöngu um stöðu sjávarplássanna og vil ég kynna efni þess í þessari grein.

Fjórar tillögur

Í frumvarpinu eru gerðar tillögur um fjórar breytingar. Fyrst er lagt til að fiskvinnslustöðvar fái hlutdeild í aflamarki með óbeinum hætti. Lagt er til að sé óunninn fiski landað innanlands hjá vinnslustöð sem hefur gilt vinnsluleyfi skuli aðeins 75% teljast til aflamarks. Þetta ákvæði gildi fyrir botnfisktegundir í kvóta svo og rækju en ekki uppsjávartarfishka.

Önnur tillagan gerir ráð fyrir að sé fiskur veiddur á línu eða handfæri, veiðiferðstandi skemur en sólarhring og aflanum landað til vinnslu innanlands, skuli aðeins 50%

Það er fullkomlega gilt sjónarmið að gera þá kröfu til löggjafar á þessu sviði að hún taki mið af okkar hagsmunum, fólksins sem býr í sjávarplássunum og á þar sínar eignir.

teljast til aflamarks.

Í þriðju tillögunni er breytt gildandi ákvæðum um útreikning á álagi á útfluttan botnfisk sem er óunninn eða lítt unninn á þann veg að **álagið nái einnig til frystiskipa og vinnsluskipa** í stað þess að miðast einvörðungu við ísfiskskip eins og nú er. Verði álaginu beitt þannig að ekki skipti lengur máli hvort óunninn fiskur er fluttur út ísaður eða frystur.

Loks er lagt til að **næstu fimm árin verði afnumin fasteignaskattur sem í dag er lagður á fiskvinnsluhús** og þannig jöfnuð skattlagning milli landvinnslu og sjóvinnslu. Þennan mun má einnig jafna með því að leggja sambærilegan skatt á sjóvinnsluna og fasteignaskatturinn er á landvinnsluna. Í frumvarpinu er ekki tekin afstaða til þess hvora leiðina eigi

að fara heldur gert ráð fyrir að innan fimm ára verði tekið af skarið með það, en þangað til verði jöfnunin ívilnandi, þ.e. felldur niður fasteignaskatturinn á landvinnsluna.

Markmið tillagnanna

Tillögurnar hafa allar það markmið að breyta löggjöfnni á þann veg að staða sjávarplássanna styrkist. Valdar eru tvær leiðir að þessu marki. Fyrri leiðin er sú að **tengja nýtingu nálægra fiskimiða við byggðirnar**. Það er gert með því að leggja áherslu á að hagkvæmt sé að fara stuttar veiðiferðir og landa ferskum fiski til vinnslu innanlands. Það er fullkomlega eðlilegt markmið enda útflutningsverðmæti frá landvinnslunni að jafnaði meiri en frá sjóvinnslunni. Þessi leið leggur fremur áherslu á bátaútgerð og útgerð minni skipa, reynslan kennir okkur að slíkar útgerðir henta betur í fremur fámennum sjávarplássum. Benda má á að fá vestfirsk byggðarlög hafa haft fjárhagslegt bolmagn til þess að halda skuttogurum sínum.

Síðari leiðin sem valin er miðar að því að **jafna samkeppnisskilyrði innan sjávar-**

Þingmaðurinn skrifar

útvegsins. Fyrst og fremst milli ferskfiskveiða og frystiskipa eða vinnsluskipa og milli landvinnslu og sjóvinnslu, en það er skoðun mín að lagaákvæði ívilni vinnsluskipum og frystiskipum gagnvart hinum. Notað aflamark vinnsluskipa og frystiskipa er ekki reiknað út frá veiddum afla heldur lönduðum afurðum og síðan er beitt reiknistuðlum til þess að finna út hversu mikið var veitt. Ítrekað hafa komið fram ábendingar um að þesi aðferð ívilni vinnsluskipunum og frystiskipunum. Það gefur auga leið að útgerð verður hagkvæmari ef veiða má 125 tonn í stað 100 tonna. Sérstaklega hefur verið bent á karfa og grálúðuveiðar og í Morgunblaðinu 6. september 1992 er því haldið fram að frystitogarar fái 20-30% meiri aflaheimildir í reynd en ísfisktogarar. Vinnsluskipin geta valið sér hráefni sem ísfiskskipin geta ekki. Tillagan um að reikna álag á útfluttan fisk líka hjá frystiskipum er dæmi um tillögu sem ætlað er að jafna samkeppnisskilyrði innan sjávarútvegsins, svo og

tillagan um afnám fasteignaskatts á landvinnsluna.

Heimamið

Þriðju leiðina vil ég nefna þótt ekki sé gerð tillaga þar um í frumvarpinu og það er að takmarka svigrúm úthafsskipa til veiða nálægt landi frekar en nú er gert. Fyrir þeirri leið er ég ákaflega veikur og hef nefnt í þingræðu þá tillögu að banna veiðar slíkra skipa innan 20 mílna. Það verði eingöngu heimabátar sem veiði innan þeirra marka. Eitt verðum við að hafa í huga, það er vissulega hægt að veiða allan fisk nær og fjær landi á stórum vinnsluskipum sem eru vikum saman á veiðum og landa afurðum sínum síðan erlendis. Ef við látum þróun á þennan veg ganga frekar yfir okkur en orðið er, erum við að grafa okkar eigin gröf, því menn munu segja og það með réttu, það þarf ekki að halda uppi byggð í þessum þorpum til þess að njóta miðin og best að hætta þessu basli. Blaðgreinar eru þegar farnar að birtast með



Kristinn H. Gunnarsson.

þessu sjónarmiði og nú síðast fyrir fáum dögum, þar sem skrifaði skipulagsfræðingur búsettur í Svþjóð. Það er fullkomlega gilt sjónarmið að gera þá kröfu til löggjafar á þessu sviði að hún taki mið af okkar hagsmunum, fólksins sem býr í sjávarplássunum og á þar sínar eignir. Ég get ekki fallist á að einvörðungu eigi að miða við ýrtruðu hagsmunum stórútgærdar sem er að þróast æ meir á alþjóðavísu. Ég geri ekki lítið úr því að Íslendingar þurfi að eiga slík fyrirtæki, en takmörk þarf að setja þeim og þau mörk hljóta að miðast við hagsmunum annarra svo sem sjávarplássanna. Það er kominn tími til þess að Vestfirðingar setji fram skipulagðar kröfur um leikreglur sem gefi þeim möguleika til þess að eflast og dafna í nútímaþjóðfélagi.

Kristinn H. Gunnarsson.

Daníel Smári Guðmundsson Íslandsmeistari í hálfmaraþoni

Óshlíðarhlaupið fór fram á laugardaginn í 5. sinn í sólskini og blíðviðri og var veðrið helst til of gott fyrir þátttakendur, sem kvörtuðu talsvert undan sól og hita. Fimmtán manns hlupu hið eiginlega Óshlíðarhlaup frá Bolungarvík til Ísafjarðar en samhlíða því fór fram 4 km skemmtiskokk og 10 km hlaup. Þátttaka var mjög góð og hlupu samtals um 100 manns að sögn Jónasar Gunn-

laugssonar, hlaupastjóra. Daníel Smári Guðmundsson stóð uppi sem sigurvegari 21 km hlaupsins í flokki karla 16-39 ára og hljóp hann vegalengdina á einni klukkustund, 13 mínútum og 20 sekúndum. Hann vann því einnig Íslandsmeistaratitilinn í hálfmaraþoni, en keppni um hann fór fram jafnhliða Óshlíðarhlaupinu. Annar varð Gunnar Oddsson á 1:21:57 og þriðji varð Kristján

Þór Guðfinnsson á 1:24:16. Grímur Ólafsson var fjórði á tímanum 1:25:06, Grétar Guðjónsson var fimmti á 1:29:42, Birkir Stefánsson sjötti á 1:35:18, Gunnar Sigurðsson sjöundi á 1:37:17, Heimir Snorrason áttundi á 1:38:30 og Símon Þór Jónsson níundi á 1:49:24. Í flokki karla 40-49 ára var sigurvegari Sigurður Pétur Sigmundsson á 1:16:26 og í flokki karla 50 ára og eldri

sígraði Hafsteinn Sæmundsson á tímanum 2:06:29.

Ólína Fjóra Þorkeldsdóttir sígraði í flokki kvenna 16-39 ára á tímanum 1:42:57 og var Íslandsmeistari kvenna í hálfmaraþoni, en í flokki kvenna 40-49 ára var sigurvegari Rósa Þorsteinsdóttir á tímanum 1:43:04 og Ágústa Gísladóttir var önnur á 2:04:04.



Sigurvegarar í 10km hlaupi karla: Jón Jóhannesson sem sígraði í flokki 16 - 39 ára, Gísli Einar Arnason lenti í öðru sæti og Ragnar Bragason í því þriðja.

Þátttakendur og úrslit í 10 km hlaupinu:

Karlar 16 til 39 ára

Nr.	Nafn:	Tími:
1.	Jón Jóhannesson	35:57:01
2.	Gísli Einar Arnason	38:40:02
3.	Ragnar Bragason	39:35:04
4.	Ólafur Arnason	39:52:06
5.	Pierre Simon	41:46:04
6.	Bjarki Bjarnason	44:29:03
7.	Óskar Ármannsson	46:30:00
8.	Hrafn Snorrason	46:55:01
9.	Ingólfur Arnarsson	48:32:07
10.	Gestur Elíasson	52:53:00
11.	Berto Rademaker	96:17:00

Karlar 40 til 49 ára

1.	Sighvatur Guðmundsson	38:03:07
2.	Magnús Steingrímsson	47:15:09
3.	Guðmundur Ingason	51:14:07

Karlar 50 ára og eldri

1.	Halldór Margeirsson	46:24:06
2.	Reynir Pétursson	49:28:06
3.	Halldór Ásgeirsson	56:32:00

Stúlkur 15 ára og yngri

1.	Rakel Ingólfssdóttir	41:05:08
2.	Jóhanna Ósk Halldórsdóttir	52:35:06

Konur 16 til 39 ára

1.	Stella Hjaltadóttir	43:08:03
2.	Ásta S. Halldórsdóttir	47:35:03
3.	Sigrún S. Halldórsdóttir	47:58:07
4.	Rósamunda J. Baldursdóttir	50:06:07
5.	Eygló Harðardóttir	53:06:08
6.	Auður Yngvadóttir	57:13:05
7.	Ruth Rauterberg	58:11:07
8.	Andrea S. Harðardóttir	64:19:04
9.	Hrafnhildur Sörensen	65:09:08
10.	Ásgerður Þ. Gísladóttir	85:01:00
11.	Ria Nijeboer	96:17:00

Konur 40 til 49 ára

1.	Sigríður I. Gunnarsdóttir	62:29:06
2.	G. Sólveig Aðalsteinsdóttir	72:55:01

Þátttakendur og úrslit í 4 km skemmtiskokki:

Konur

1.	Katrín Árnadóttir	19:56:06
2.	Christína Graf	20:04:02
3.	Aðalbjörg Sigurjónsdóttir	20:10:03
4.	Ásrún Sigurjónsdóttir	20:23:02
5.	Íris Pétursdóttir	21:31:01

6.	Sandra Helgadóttir	21:45:00
7.	Dagný Hermannsdóttir	22:12:05
8.	Heiða Guðmundsdóttir	22:20:05
9.	Berglind Hauksdóttir	22:31:01
10.	Elva Rúnardóttir	22:37:00
11.	Katrín Maríusdóttir	22:40:07
12.	Ingibjörg Hákonardóttir	23:01:03
13.	Guðbjörg Skarphéðinsdóttir	23:14:04
14.	Gerður Geirsdóttir	23:32:04
15.	Díana Rivera	23:44:04
16.	Arna Óskarsdóttir	23:44:06
17.	Helga S. Ólafsdóttir	23:45:01
18.	Kristjana Þrastardóttir	24:24:00
19.	Karitas S. Ingimarsdóttir	24:40:03
20.	Halldóra Halldórsdóttir	24:50:07
21.	Halldóra Þorvaldsdóttir	25:13:09
22.	Soffía Ingimarsdóttir	25:18:09
23.	Sigrún Sigvaldadóttir	25:24:05
24.	María Aðalbjarnardóttir	26:02:07
25.	Brynhildur Magnúsdóttir	26:06:09
26.	Tinna Arnórsdóttir	26:20:00
27.	Edda Salmarsdóttir	27:18:02
28.	Helga Gylfadóttir	27:18:04
29.	Margrét Oddsdóttir	27:56:02
30.	Ása Þorvaldsdóttir	28:18:07
31.	Sóley Valdimarsdóttir	28:22:08
32.	Linda Helgadóttir	28:23:01
33.	Kristín Óskarsdóttir	28:40:05
34.	Adda Óskarsdóttir	29:02:04
35.	Helga Guðmundsdóttir	29:05:06
36.	Jóna Karlsdóttir	29:50:05
37.	Rannveig Hjaltadóttir	29:57:00
38.	Sigríður Gunnlaugsdóttir	29:57:03
39.	Ólafía Kristjánsdóttir	32:04:08
40.	Sigurrós Helgadóttir	32:24:00
41.	Guðrún Óskarsdóttir	32:29:02
42.	Oddný Kristbjörnsdóttir	32:55:00
43.	Kristín Ólafsdóttir	32:55:04
44.	Katrín Kristbjörnsdóttir	33:14:09
45.	Hrönn Kristbjörnsdóttir	33:33:09
46.	Ragnhildur Kjartansdóttir	33:34:02
47.	Heiðrún Ingólfssdóttir	33:47:05
48.	Aníta Kristinsdóttir	34:13:01
49.	Sveinbjörg Sveinsdóttir	34:13:04
50.	Dagný Kristjánsdóttir	38:34:02
51.	Jóna Pálmadóttir	38:57:01
52.	Berglind Sveinsdóttir	38:58:05

Karlar

1.	Arnór Magnússon	16:59:09
2.	Sigvaldi Magnússon	17:57:05
3.	Pálmi Arnason	18:01:04
4.	Ágúst Hrólfsson	19:21:05
5.	Gylfi Ólafsson	19:43:09
6.	Ívar Pétursson	19:50:01
7.	Matthías Vilhjálmsson	20:05:04
8.	Magnús Guðmundsson	20:38:07
9.	Guðmundur Einarsson	21:27:01
10.	Þorri Bryndísarson	21:45:03
11.	Ómar Halldórsson	22:38:01
12.	Jón Eyjólfsson	23:23:02
13.	Stefán Egilsson	23:32:07
14.	Einar Eypórsson	24:34:00
15.	Hjalti Magnússon	26:02:04
16.	Auðunn Salmarsson	27:04:02
17.	Guðjón Björgvinsson	27:40:02
18.	Gísli Kristjánsson	27:42:08
19.	Salmar Salmarsson	28:08:07
20.	Guðbjörn Jóhannsson	28:09:00
21.	Kristján Arnason	28:18:05
22.	Guðmundur Vífilsson	31:05:06



Rakel Ingólfssdóttir sígraði í 10 km hlaupinu í flokki kvenna 15 ára og yngri og var jafnframt með besta tímamann í kvennaflokki á þeirri vegalengd, 41:05:08. Hér sést hún með Jóhönnu Ósk Halldórsdóttur sem lenti í öðru sæti.



Cristina Graf og Ruth Rauterberg gantast með verðlaunapeninga sína.

23.	Óskar Halldórsson	32:06:04
24.	Gunnlaugur Gunnlaugsson	32:17:03
25.	Ólafur Omarsson	32:25:00
26.	Kristján Jóakimsson	32:55:07
27.	Kristbjörn Sigurjónsson	33:15:00
28.	Steinar Helgason	34:10:08
29.	Haukur Halldórsson	34:12:07
30.	Niels Guðmundsson	25:19:02
31.	Guðmundur Níelsson	35:19:02



Sigurveggarar í hálfmarafoni kvenna: Ólína Fjóra Þorkelsdóttir sigraði í flokki 16 - 39 ára og var Íslandsmeistari í hálfmarafoni kvenna. Rósa Þorsteinsdóttir sigraði í flokki kvenna 40 - 49 ára og Ágústa Gísladóttir var í öðru sæti.



Sigurveggarar í hálfmarafoni karla: Daníel Smári Guðmundsson sigraði í flokki karla 16 - 39 ára og var jafnframt Íslandsmeistari í hálfmarafoni karla. Gunnar Oddsson var í öðru sæti og Kristján Þór Guðfinnsson í því þriðja.



Sigurveggarar í 10km hlaupi kvenna 16 - 39 ára: Stella Hjaltadóttir var í fyrsta sæti, Ásta S. Halldórsdóttir í öðru sæti og Sigrún S. Halldórsdóttir í því þriðja.



10 km hlaupið var ræst ofan við Harðfiskverkun Óskars Friðbjarnarsonar í Hnífsdal og tóku 32 hlauparar þátt í því.



Frá upphafi Óshlíðarhlaupsins í Bolungarvík á laugardaginn, en þetta var í fimmta sinn sem hlaupið er haldið. Fimmtán þátttakendur hlupu hálfmarafon og var keppt um Íslandsmeistaratitil í því að þessu sinni.

BYLTING!!

Hefurðu kynnt þér möguleika samnetsins?



Þjóðum nú um 100-240% hraðvirkari tengingu við Internetið um samnetið og það tekur þig innan við 2 eek að tengjal!

Sannetsþjöldin leikna að koma - óþyrri en málid...
 Ekkert uppjanga um samnet símans
 í ekkert http://www.samnet.is/ og það hefur uppjanga þú ekkert
 Fast verð - ekkert mínútagjald!

SNERPA
 Símanum 8 - Símanum - Símanum

Íslenska þjóðin er miklu þess
 með Samnetið. Þetta er
 ekkert uppjanga um samnet símans
 í ekkert http://www.samnet.is/ og það hefur uppjanga þú ekkert
 Fast verð - ekkert mínútagjald!

Sameining sveitarfélaga í Reykjavík

Síðasta laugardag, hinn 21. júní, kusu íbúar á Kjalarnesi og í Reykjavík um sameiningu þessara sveitarfélaga í eitt. Það stóð ekki í veginum fyrir áformum sveitarstjórnanna þótt sameina ætti yfir kjördæmamörk, en Kjalarneshreppur er í Reykjaneskjördæmi. Reykjavík er að sjálfsögðu kjördæmi út af fyrir sig.

Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar urðu þær að níu af hverjum tíu sem kusu í Reykjavík samþykktu. Kjalnesingar höfðu meiri áhuga og tveir þriðju hlutar kusu þar og samþykktu meirihluti þeirra sameiningu. Hitt vekur athygli að aðeins 10% sem stóðu á kjörskrá í Reykjavík ómökkuðu sig á kjörstað til að lysa afstöðu sinni.

Aðalatriðið er að Reykjavík stækkar til norðurs og nær nú norður í Hvalfjörð, að miðju jarðganganna ef rétt er munað. Þannig rætist að hluta draumur borgarfulltrúa í Reykjavík um samþjöppun Íslendinga innan marka höfðurborgarinnar, sem nú er talin eiga í harðri samkeppni við útlönd um íbúana. Hvort sá málflutningur er réttur eða rangur skal ósagt látið.

Hitt er skynsamlegt af þeim sem nenntu að greiða atkvæði í Reykjavík að sameinast til norðurs. Enda ríkja sýslumaðurinn, lögreglustjórinn og tollstjórinn í Reykjavík alla leið upp í Hvalfjarðarbotn að Mosfellsbæ meðtöldum. Kjördæmaskipunin á Íslandi er löngu orðin úrelt og hefur ekki fært þjóðina fram á veginn nema síður sé. Það er hins vegar efni í annað og meira ritverk.

Úrelt sveitarfélög og úrelt kjördæmi

Sveitarfélögin eru fyrir löngu orðin úrelt í núverandi mynd, þótt eitthvað hafi miðað fram á við síðustu árin. Þó mætti segja að það væri allt of alltof seint. Landsbyggðinni er nauðsyn miklu sterkari, fjölmennari og samheldnari sveitarfélaga en nú er. Enn eru sveitarfélög of mörg á Vestfjörðum. Þau eru nú tólf, en ættu í mesta lagi að vera fjögur. Eitt á norðanverðum Vestfjörðum og það er orðið mjög aðkallandi að sameina Súðavík og Bolungarvík Ísafjarðarbæ. Strandasýsla á að vera eitt sveitarfélag með sína eitt þúsund íbúa, Vesturbyggð og Tálknafjörð á skilyrðislaust að sameina í eitt. Reykhólahreppur verður traúðla sameinaður nema út úr kjördæminu, sem sýnir betur en margt annað að hugsa verður stærra en á grunni núverandi kjördæma. Þótt vissulega mætti segja að missir væri að Austur-Barðastrandar-sýslu út úr Vestfjarðakjördæmi er það þá ekki frekar dæmi um úrelta hugsun en skynsemi.

Vestfirðir og Vesturland ásamt Norðurlandi vestra eiga miklu meira sameiginlegt en það sem sundur skilur og ef helda á í þetta úrelta kjördæmakerfi, sem nú ríkir, þá á að stækka þau og sameina þessi þrjú í eitt.

Sveitarfélag er samfélag fólks um það að leysa úr þeim stjórnsýsluverkefnum sem tilheyra nútíma þjóðfélagi. Sveitarfélag getur aldrei orðið minnisvarði um byggð sem var, þannig að einhverju fjalli, hynnu eða dal mega halda innan hreppamarka sem þjónuðu fólki sem varla hafði komið út fyrir túnfótinn heima þegar það var borið til grafar.


Ríkisvald og sveitarfélög þurfa að skipta með sér stjórnsýslu þannig að ávallt sé tekið tillit til þess sem er hagkvæmast hverju sinni. Og það krefst stöðugrar vinnu og hugsunar. Nú miðar heldur fram á veginn þessi árin.

Samgöngur eru undirstaðan

Bættar samgöngur á landi eru helsti þátturinn í því að þessi þróun megi verða stöðug og gera búsetu um landið allt fýsilega kost. En um leið má öllum vera það ljóst, að ekki verður hægt að gera þá kröfu til ríkisvaldsins eða sveitarfélagsins að búið verði á öllum þeim stöðum þar sem menn enn þráast við vegna tryggðarinnar einnar við áttahagana. Þeir sem það vilja eiga auðvitað að gerast talsmenn þess að Ísland verði ein þeirra þjóða sem tilheyra Evrópusambandinu. Það fjölbjóðlega vald er reiðubúið að greiða fyrir varðveislu sérvitringa á afskekktum stöðum undir því yfirskini að um eins konar sögulegar minjar sé að ræða.

Við þá skoðun er ekkert að athuga. En ef Íslendingar og þar með taldir Vestfirðingar ætla að viðhalda jafnvægi í byggð lands og fjórðungs þarf nýja hugsun. Byggðastefna Framsóknaráratugarins færði okkur aftur, ekki fram, stóð í raun í vegi þróunar. Það er hollt að muna.

- Stakkur



Sumar-útsala

Mikið úrval af myndböndum til sölu Verð frá kr. 100,- til 2.000,-

Munið breyttan opnunartíma

Virka daga frá kl. 16:00 til kl. 19:00 og frá kl. 20:00 til kl. 23:30 Helgar frá kl. 14:00 til kl. 24:00

Verslið þar sem úrvalið er

...Gaui, einfaldlega bestur

Vídeó Möllin - við Norðurveg

456 4853

TOPP 10 MYNDBÖND HJÁ VÍDEÓHÖLLINI

1. First Wives Club
2. Long Kiss Goodnight
3. The Craft
4. Secrets and Lies
5. Rich man's Wife
6. Djöflaeyjan
7. Fear
8. Jack
9. Unforgettable
10. Courage under Fire

http: góðar NETINU

http://www.globalxs.nl/home/n/nijweide/prophecy/nostradamus.html

Þær eru margar heimasíðurnar um spámanning mikla Nostradamus. Hér er ein þar sem hægt er að skoða alla helstu spádóma hans.

http://www.hestur.com

Íslenski hesturinn er ekki bara vinsæll hjá Íslendingum, heldur út um allan heim. Hér er hægt að finna allt um íslenska hestinn.

http://www.livefootball.com

Hérna getur þú fylgst með öllu því sem er að gerast í fótboltanum um víða veröld.

SPÓLAN TÆKINU



Djöflaeyjan

Kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, Djöflaeyjan er gerð eftir samnefndri bók Einars Kárasonar. Sem segir frá lífi fjölskyldunnar í Thulebragganum svonefndra og annarra fjölskyldna sem tóku sér bólfestu í bröggnum.



Horfur á fimmtudag: Hæg breytileg eða norðvestlæggátt. Skýjað og dálítill súld við norðurströndina, en skýjað með köflum og þurr að mestu syðra. Hiti 4 til 15 stig, hlýjast suðaustanlands.

Á föstudag: Suðvestan kaldi og súld eða rigning um vestanvert landið en þurr og víða léttskýjað austantil. Hiti 6 til 16 stig, hlýjast austanlands.

Á laugardag: Vestan og norðvestan gola eða kaldi og skúrir um mest allt land. Hiti 7 til 16 stig. **Á sunnudag** er gert ráð fyrir hægri norðanátt, skýjað norðanlands en bjart syðra. Hiti 3 til 15 stig, hlýjast sunnanlands.

Lýst eftir vitnum!!! Stórum steini var grýtt í gegnum rúðu á ferðþjónustubátunum Önnu í gærmorgun þar sem hann lá við flotbyggjuna í Sundahöfn á Ísafirði og inn á borð í lúkar. Um hreint skemmdarverk var að ræða því engu var stolið. Lýst er eftir vitnum að verknáðinum eða einhverjum sem urðu mannaferða varir á eða við flotbyggjuna umræddan tíma og er fólk beðið um að láta lögregluna vita eða Konráð Eggertsson í síma 456 3678 eða 853 8734.

Til leigu eða sölu eribúðin að Skólastíg 21, Bolungarvík, neðri hæð. Laus 1. júlí. Upplýsingar í síma 456 7265, eftir kl. 17.

Ég týndi innkaupapoka með svörtum strigaskóm í og rauðri flíspeysu. Ef einhver hefur orðið var við pokann og innihaldið þá láti hann vinsamlegast vita í síma 456 3929, Agnes.

Til sölu Mitsubishi Lancer Station, 4x4, árgærd '92, ekinn 104 þúsund km, bein innspýting, 5 gear. Upplýsingar í síma 456 3261, Snorri.

Óska eftir dagmómmu til að passa 8 mán. dreng frá kl. 13-18 fjóra daga

Óskráðir til sölu í síma 456 4669, Sigrún.

Til sölu lítið notaður, nýfirfarinn Zodiac, 4 manna. Einnig 2 ha Suzuki utanborðsvel. Selst saman eða í sitt hvoru lagi. Upplýsingar í síma 456 3364

Til sölu Mitsubishi L-300. Velmeð farinn bíll á góðu verði. Upplýsingar í síma 456 3814

4-5 herbergja íbúð óskast til leigu á Eyrinn. Upplýsingar í síma 456 5158 eða 456 3390, eftir kl. 18.

Til sölu Mitsubishi L-300, árgærd '81. Selst

Óska eftir að leigja litla 3 herbergja íbúð eða lítið gamalt hús á Eyrinni. Skilvisar greiðslur og góð umgengni. Upplýsingar í síma 456 5320, Schally.

Fimm páfagaukar óska eftir góðum heimilum. A sama stað fást tvö búr á 1000 krónur stykkið. Upplýsingar í síma 456 7559

Óska eftir systkinapalli á Silvercross barnavagn. Upplýsingar í síma 456 5050, Friða.

Gullfallegir kettlingar fást gefins. eru kassavanir. Upplýsingar í síma 456 6240

Driggja herbergja íbúð til leigu eða sölu að

Stórholti 9. Upplýsingar í síma 456 4167

Einbýlishúsið að Móholti 9, Ísafirði er til sölu. Upplýsingar í síma 456 3629

Til sölu 40 hp Yamaha utanborðsmótor, árgærd '95, rafstart, langur leggur, lítið notaður. Upplýsingar í síma 456 6162

Til sölu notuð kerra. Óska eftir Britax barnabílstól. Upplýsingar í síma 456 3835

Til leigu 4 herbergja íbúð í Laugarnesi í Reykjavík, frá og með 1. júlí. Upplýsingar í síma 456 3918 á kvöldin og um helgar.

Til sölu Lada Sport árgærd '91, ekin 57000 km. Gott verð ef samið er strax. Upplýsingar í síma 456 7648 og vs. 456 7700, Kristján.

Tvo gullfallegra kettlinga, læðu og fress, bráðvantar heimili. Upplýsingar í síma 456 5228, Páll og berglind.

Óska eftir að kaupa litla sambyggða trésmíðavél, t.d. Emco Star eða sambærilegt.

Óska eftir páfagaukum ásamt búri - helst gefins. Upplýsingar í síma 456 7869, eftir kl. 15.

Hún brestur á eftir 22 daga. Mansavinir Suðureyri.

Til sölu Aðalgata 49 á Suðureyri. Um er að ræða 220 m² einbýlishúsið á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr, 5 svefnherbergjum og ræktaðri lóð. Gott viðhald. Skipti hugsanleg á fasteign á Ísafirði. Upplýsingar í vs. 456 3450 og hs. 456 6216, Sturla.

Til sölu Opel Ascona '84, ekinn 137 þús. km. Lítil eða engin útborgun. Verð kr. 180.000. Upplýsingar í síma 456 5320, Schally.

Til sölu Nintendo leikjatölva og leikir. Upplýsingar í síma 456 4275

Til sölu lítill tjaldvagn, þarfnast lagfæringar, selst ódyrt. Upplýsingar í síma 456 4032



Þessi pylsuvagn er til sölu í Bolungarvík. Allar nánari upplýsingar gefur Kristín í síma 456 7279.



50 ára

50 ára er í dag Hrafnhildur Samúelsdóttir, Hlégerði 1, Hnífsdal. Hún og eiginmaður hennar, Jósef Vernharðsson, taka á móti gestum á heimili þeirra laugardaginn 28. júní frá kl. 17 til 20.

UM HELGINA



LOKSINS - LOKSINS - LOKSINS - LOKSINS - LOKSINS - LOKSINS

Peir eru mættir SNIGLABANDIÐ

Eitt vinsælasta band síðari ára
á risadansleikjum um helgina

FÖSTUDAGSKVÖLD

TIL KL. 03:00 16 ÁR

LAUGARDAGSKVÖLD

TIL KL. 03:00 18 ÁR

ÍSAFJARÐARBÍÓ



**Absolute
Power**

Fimmtudag kl. 21:00
Sunnudag kl. 21:00
Mánudag kl. 21:00

Bönnuð innan
14 ára

Mega spenna
með Eastwood

Allir í bíó

TILBOÐ!

Gildir frá 25. júní til 1. júlí 1997

16" pizza með 3
áleggstegundum
12" hvítlauksbrauði
2l Coke
Aðeins kr. 1.700,-

Ostborgari
með sósu, salati,
frönskum kartöflum
og 1/2l Coke
Aðeins kr. 650,-



Húseign til sölu

Tilboð óskast í húseignina Fjarðarstræti 35.

Allar nánari upplýsingar eru veittar í síma 456 3794, eftir kl. 17:00.

Lokað vegna sumar- leyfa til 5. ágúst

Seljum kistusessurnar með 40% afslætti
fimmtudaginn 26. júní, eða meðan birgðir endast.

Bólstrun Vestfjarða



Sýslumaðurinn á Ísafirði

Uppboð á lausafjármunum

Eftirtaldar bifreiðir verða boðnar upp við
gömlu lögreglustöðina Fjarðarstræti, Ísafirði,
laugardaginn 5. júlí 1997, kl. 14:00.

Bifreiðir:

IS-783, PA-058, JN-772, KP-628, NT-
866, ID-326, GP-606, IO-608, ZV-545.

Uppboðið á sér stað eftir kröfu Sýslumanns-
ins á Ísafirði og ýmissa lögmanna. Vænta
má að greiðslu verði krafist við hamarshögg.

23. júní 1997

Sýslumaðurinn á Ísafirði.
Guðrún Hólmsteinsdóttir ftr.

FRAMHALDSSKÓLI VESTFJARÐA
PÓSTHÓLF 97 – 400 ÍSAFIRÐI

Innritun í öldungadeild

Farið verður af stað með byrjendahóp í
öldungadeild framhaldsskólanáms á Ísafirði
í haust ef nægileg þátttaka fæst. Nemendur
skulu vera orðnir 18 ára og kennsla fer fram
á kvöldin eftir kl. 19:00. Námsgjöld eru kr.
9.000 - 15.000 á önn.

Þeir sem hafa áhuga eru beðnir að hringja
næstu daga í síma 456 3599 (á skrifstofu-
tíma í júní) eða í síma 456 4119 (á kvöldin
milli kl. 20:00 og 22:00 dagana 26. júní - 3.
júlí).

Skólameistari.

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Erum með til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar
eru veittar á skrifstofu

Ametyst

Hár- og förðunarstofa
Aðalstræti 22, 400 Ísafjörður
Sími 456 3310

Verður lokað vegna
sumarleyfa dagana
30. júní - 15. júlí

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf.

Hleðslunámskeið verður haldið í Ísafjarðarsýslu helgina 27. - 29. júní

Farið verður yfir undirstöðuatriði í hleðslu
á vörðum og merkingu göngustíga.

Námskeiðið hefst föstudaginn 27. júní
kl. 21:00 í Grunnskólanum að Holti í
Önundarfirði.

Á föstudaginn verður farið yfir helstu atriði
við hleðslu á vörðum og helgin skipulögð.

Á laugardag og sunnudag fer verklegi hluti
námskeiðsins fram.

Skráning og nánari upplýsingar hjá **Guð-
mundi Björgvinssyni í síma 456 7621**
eða í boðtæki 842 0521.

Þátttaka er öllum opin. Námskeiðið kostar
ekkert, en þátttakendur þurfa að sjá um
nesti sjálfir.



Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk



Vestfirskur skelfiskur hf.

Nýtt kúfiskveiðiskip til Flateyrar á morgun

Á morgun kemur nýtt skip Vestfirskis skelfisks hf. til Flateyrar. Skipið sem hefur hlotið nafnið Skel ÍS-33, er 300 tonn og er keypt notað frá Bandaríkjunum. Kaupverðið var 90-95 milljónir króna og eru þar með taldar breytingar sem gerðar hafa verið, en m.a. voru lestar skipsins stækkaðar, settar í þær nýtt gólf, skipt um lestarlúgur og fleira.

Að sögn Guðlaugs Páls-sonar, framkvæmdastjóra Vestfirskis Skelfisks hf., er plógur skipsins helmingi stærri en plógur Æsu var og áætlað hann að afkastageta skipsins verði um 80 tonn í veiðiferð. Plógurinn verður tekinn inn á hlið skipsins, en í Æsu var hann hífður upp í gálga aftan á skipinu. Guðlaugur segir að þetta fyrirkomulag sé algengast

í nýjum skipum og margir álfti að þægilegra sé að hífa plóginn inn frá hlið skipsins, auk þess sem því fylgi meira öryggi. Plógurinn fari ekki eins hátt í skipinu og ella.

Áhöfn hefur verið ráðin á Skel ÍS og verður Bjarni Harðarson skipstjóri. Guðlaugur áætlað að veiðar geti hafist eftir u.þ.b. hálfan mánuð og er allt til reiðu í landvinnslunni til móttöku hráefnis. Ekki hefur verið gengið frá ráðningum starfsfólks en að sögn Guðlaugs verður beðið með að auglýsa eftir því, þar til endanleg ákvörðun verður tekin um upphaf veiða. Hann segir að töluvert hafi verið um atvinnu-fyrirspurnir og á ekki von á öðru en að vel gangi að ráða starfsfólk.



Áttatíu tonna ferlíki í Gná hf.

Í síðustu viku fékk Gná hf. í Bolungarvík nýjan þurrkara í fiskimjölsverksmiðju sína, en unnið hefur verið að breytingum og endurnýjun hennar að undanförunu. „Ferlíkið“, sem vegur 80 tonn, kom með skipi Eimskipafélagsins Skógafossi, en það er stærsta stykki í íslenska fiskimjölsverksmiðju sem flutt hefur verið í einu lagi til landsins. Sjá frétt á bls. 2.

Óskir um uppkaup húsa í Bolungarvík

Afgreiðslu frestað þar til frumathugun hefur farið fram

Í kjölfar snjóflóðsins í Bolungarvík í vetur óskuðu hús-eigendur húseignarinnar að Dísarlandi 10 í Bolungarvík, eftir að hús þeirra yrði keypt af ofanflóðasjóði. Málið var tekið fyrir á fundi ofanflóðanefndar í maí en þar var afgreiðslu þess frestað þar til frumathugun um

varnir gegn snjóflóðum hefur farið fram í Bolungarvík. Að sögn Smára Þorvaldssonar, verkfræðings í umhverfisráðuneytinu, hefur verið ákveðið að frumathugun í Bolungarvík fari fram á næsta ári og væntanlegar framkvæmdir tveimur árum seinna.

„Frumathugun getur breytt málinu mikið og gæti t.d. leitt í ljós að nauðsynlegt sé að hefja framkvæmdir við varnir strax. Það er auðvitað ekkert hægt að segja til um það á þessu augnabliki og þetta verður bara að koma í ljós. Það er mín skoðun að ekki sé rétt að grípa til upp-

kaupa án þess að málið sé skoðað í heild sinni. Niðurstaða gagnvart þessum húseigendum ætti að liggja fyrir um leið og athugunin hefur farið fram á næsta ári,“ sagði Smári í samtali við blaðið.

Vinnsla hafin í Rauðsíðu á Þingeyri

Þrjátíu manns fengu vinnu og líkur á að fleiri verði ráðnir

Í gær urðu mikil tímamót hjá Þingeyringum en þá hófst vinnsla í frystihúsi Rauðsíðu ehf. á Þingeyri, en fyrirtækið keypti á dögunum eignir Fánis hf. sem Fiskveiðasjóður, Landsbankinn og Bygðastofnun höfðu leyst til sín. Auk frystihússins keypti Rauðsíða fiskimjölsverksmiðju og skeiðarhús.

Tæpt ár er liðið síðan frystihúsrekstur Fánis hf. stöðvaðist og hefur meginþorri íbúa Þingeyrar, um 60 til 70 manns, verið atvinnulaus síðan. Það var því

Þingeyringum fagnaðarefni þegar Rauðsíða ehf. var stofnuð á dögunum um kaup og rekstur frystihússins, en fyrirtækið er nefnt eftir skipi Bárðar frá Söndum sem var mest allra skipa í Flóabardaga, en það var mannað Dýrfirðingum og Arnfirðingum.

Um 30 manns sóttu um vinnu hjá Rauðsíðu og fengu allir vinnu sem vildu. Að sögn Ketils Helgasonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, eru góðar líkur á að hægt verði að ráða fleiri þegar vinnsla

verður komin í fullan gang. Eftirspurn eftir afurðum er töluverð og segir Ketill að mikilvægt sé að ná upp fullum afköstum sem fyrst svo henni verði annað.

Fyrirtækið mun vinna svokallaðan rússaþorsk og kom rússneskur togari með um 500 tonn til Þingeyrar á sunnudaginn. Að sögn Ketils eru söluhorfur góðar og liggja fyrir óafgreiddar pantanir frá Bandaríkjunum, en þar er helsti markaður fyrir afurðir Rauðsíðu.

Ketill hefur að baki þriggja

ára reynslu í vinnslu rússaþorsks sem framkvæmdastjóri Bolfisks hf. í Bolungarvík, og hefur þróað vinnslutækni sem hentar því hráefni. Hann segist aðspurður ekki hafa áhyggjur af hráefnisskortri eins og málstandi í dag, framboð sé ágætt og verð viðunandi. Hann nefnir að þau þrjú ár sem rússaþorskur hefur verið unninn hjá Bolfisk hf., hafi náðst að halda uppi stöðugri vinnu að undanskildum 2-3 vikum. Hann segist vongóður um að það sama verði uppi á teningnum á Þingeyri.



Veiðir þorsk og ýsu

Þessi ungi maður var við veiðar í Ísafjarðarhöfn á sunnudaginn og var búinn að fá tvo þorska þegar BB fékk að teffa hann stutta stund. „Ég heiti Gísli Kristjánsson, og er 9 ára og pabbi heitir Kristján Jóakimsson,“ sagði stráksi aðspurður. Hann fer stundum að veiða og í fyrra fékk hann meira að segja ýsu á þessum sama stað. „Ég er búinn að fá tvo á stuttum tíma og sá stærri tók alveg ótrúlega mikið í. Ætli ég grilli hann ekki bara í kvöld,“ sagði Gísli sem fær ekki að fara að veiða á bryggjunni nema í björgunarvesti. Svo kom hann auga á torfu af smábleikju sem lék sér í sjávarborðinu og þar með var hann rokinn.